

314. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, fimmtudaginn 5. desember 2024, kl. 16:00.

Mætt: Ingvi Þór Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Elín Frímansdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Irmý R. Þorsteinsdóttir, fulltrúi Grindavíkur, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari), J. Trausti Jónsson, Helgi Harldsson og Eydís Martinsdóttir. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir störf HES
2. Starfsleyfi og skráningar
3. Málefni Norðurgötu 11 í Sandgerði
4. Umhverfismál / umgengni á lóðum
5. Önnur mál

Formaður nefndarinnar minntist Stefáns B. Ólafssonar starfsmanns Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, sem lést þann 28. nóvember síðastliðinn. Stefán var fæddur 11. júní 1965. Hann hóf störf hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja vorið 2008 og sinnti m.a. eftirliti með gæludýrahaldi, meindýravörnum og margvíslegu eftirliti á sviði umhverfismála og hollustuhátta. Hann var ennfremur virkur í margvíslegum félagsstörfum og var m.a. formaður Starfsmannafélags Suðurnesja á árunum 2013 - 2021. Fyrir hönd heilbrigðisnefndar vil ég votta fjölskyldu og vinum Stefáns dýpstu samúð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Yfirlit yfir störf HES

Starfsmenn fóru yfir helstu verkefni sem hafa verið á döfni frá síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

2. Starfsleyfi og skráningar

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Kálfatjarnarsókn, kt. 680169-0399, Fagradal 1, 191 Vogum til að reka kirkju og safnaðarheimili.
- Njarðvíkurkirkja, kt. 660169-5639, Njarðvíkurbraut 36, 260 Reykjanesbæ til að reka samkomusal með móttökueldhúsi.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Lagardere travel retail ehf., kt. 610814-0690, Valhallarbraut 743, 262 Reykjanesbæ til að reka bakarí.
- Blue Lagoon Skincare ehf., kt. 671296-2819, Norðurljósavegi 9, 241 Grindavík til að selja forpökkuð matvæli.
- Íslenskir aðalverktakar hf., 660169-2379, Bogatröð, 262 Reykjanesbæ til að reka móttökueldhús.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Njarðvíkurkirkja, kt. 660169-5639, Njarðvíkurbraut 38, 260 Reykjanesbæ til að reka kirkju.

- Fótaaðger- og snyrtist Eddu ehf., kt. 680498-2459, Akurgerði 25, 190 Vogum til að reka fótaaðgerða- og snyrtistofu.
- Reykjanesbær, kt. 470794-2169, Lindarbraut 624, 262 Reykjanesbæ til að reka íþróttahús Háaleitisskóla.
- Helgasport ehf., kt. 581103-3360, Iðavöllum 14a, 230 Reykjanesbæ til að reka líkamsræktarstöð.

Umsóknir um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- Brák Gisting ehf., kt. 431018-1280 fyrir bifreiða- og vélaverkstæði á Iðndal 5a, 190 Vogar.
- Björgunarsveitin Ægir, kt. 630678-0729 fyrir flugeldasýningu í Garði 31. desember n.k. frá 20.00 til 21.00.
- TSÁ framkvæmdir ehf., kt. 680206-1040 fyrir niðurrifi mannvirkja á Bakka, 191 Vogum.
- Björgunarsveitin Suðurnes, kt. 690494-2219 fyrir flugeldasýningu á Berginu, 230 Reykjanesbæ þann 6. janúar n.k. frá 18.00 til 19.00.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að samþykkja skráningar á ofangreindum fyrirtækjum að uppfylltum starfsskilyrðum og greiddu skráningagjaldi.

Útgefin starfsleyfi skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnaeftirlit.

- Orkan ehf., kt. 683019-0730 fyrir sjálfsafgreiðslu eldneysisstöð á Fitjum 1, 260 Reykjanesbæ. Framlengt um sex mánuði.
- Orkan ehf., kt. 683019-0730 fyrir sjálfsafgreiðslu eldneysisstöð á Seljabót 1, 240 Grindavík. Framlengt um sex mánuði.
- Orkan ehf., kt. 683019-0730 fyrir sjálfsafgreiðslu eldneysisstöð á Strandgötu 15, 245 Suðurnesjabæ. Framlengt um sex mánuði.

Nefndin staðfestir útgáfu starfsleyfa fyrir ofangreind fyrirtæki án athugasemda.

3. Málafni Norðurgötu 11 í Sandgerði.

Starfsmenn reifuðu málið. Nefndin felur starfsmönnum að svara erindinu og koma því á framfæri við skipulagsyfirvöld í Suðurnesjabæ.

4. Umhverfismál / umgengni á lóðum

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja hefur tekið ákvörðun að fela Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að sjá um framkvæmd lóðahreinsana við fyrsta hentugleika og á kostnað eiganda, samkvæmt lögum nr. 7/1998, á eftirtöldum lóðum:

Reykjanesbær

Hrannargata 3 - allir eignahlutar

Suðurnesjabær

Garðbraut 25

5. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:00